

Búist við átakafundi hjá Geðhjálp á morgun:

Félögum fjölgar um þriðjung

Mikil spennan ríkir fyrir framhaldsaðalfund Geðhjálp sem fram fer á morgun. Ef að líkum lætur verður fundurinn sá fjölmennasti í sögu félagsins. Nokkurs títrings hefur gætt meðal nokkurra félagsmanna í vikunni vegna þess hversu dróst að ganga frá félagatali fyrir fundinn.

„Félagatalið liggur fyrir og það er ljóst að félögum hefur fjölgað töluvert á síðustu vikum,“ sagði Sveinn Magnússon,



Sveinn Magnússon.



Sigurður Árni Gunnarsson.

þriðjudaginn og óskuðu stuðningsmenn Kristófers Þorleifssonar, sem býður sig fram til formanns, þá eftir að fá að skoða félagatalið. Það gekk ekki eftir og sagðist Sigurður Árni

ússon, framkvæmdastjóri Geðhjálp, í samtali við DV. Sveinn staðfesti að nú væru félagar 960 talsins en hefðu verið 618 á síðasta aðalfundi. Lokað var fyrir inngöngu nýrra félaga klukkan 18 á

Gunnarsson, forstöðumaður Stuðningsþjónustunnar, afar ósáttur við vinnubrögð í málinu. „Það var ekki nokkur leið að ná símasambandi við skrifstofuna á þriðjudaginn og mér segir svo hugur um að einhverjir hafi óttast smölun af okkar hálfu. Þegar leið á þriðjudagskvöld var okkur sagt að félagatalið yrði ekki tilbúið fyrr en daginn eftir. Þessi seinangangur er náttúrulega ekki lífandi og félagaskráin hefði átt að liggja fram strax eftir lokun,“ sagði Sigurður Árni.

Að sögn Sveins Magnússonar liggur félagatalið frammi á skrifstofu Geðhjálp og félagsmönnum er heimilt að skoða það. -ap